



## Körfuknattleiksping 15. mars 2025 - Þingboð -

Reykjavík, 27. janúar 2025

*Körfuknattleiksfélög  
Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands  
Héraðssambönd og Íþróttabandalög*

Körfuknattleikssambands Íslands boðar með bréfi þessu til þings sambandsins 15. mars næstkomandi. Þingið verður haldið á Grand Hótel.

Sambandsaðilum til upplýsinga og glöggvunar eru helstu dagsetningar fram að þingi sem hafa þarf í huga samkvæmt lögum KKÍ:

- Í síðasta lagi föstudaginn 31. janúar þarf KKÍ að senda út þingboð á sambandsaðila KKÍ. Það er gert með bréfi þessu.
- Í síðasta lagi föstudaginn 14. febrúar þurfa sambandsaðilar að skila inn tillögum og þingsályktunum fyrir Körfuknattleikspingið. Allar tillögur og þingsályktanir skal senda á [kki@kki.is](mailto:kki@kki.is).
- Í síðasta lagi föstudaginn 21. febrúar skal skrifstofa KKÍ senda kjörbréf til allra sambandsaðila.
- Í síðasta lagi föstudaginn 21. febrúar þarf að skila inn framboðum til stjórnar KKÍ. Framboðum skal skila rafrænt á [kki@kki.is](mailto:kki@kki.is) eða skriflega á skrifstofu KKÍ. Fjögur sæti til stjórnar eru til framboðs og eitt sæti til formanns.
- Í síðasta lagi föstudaginn 28. febrúar þarf stjórn KKÍ að senda út tillögur sem liggja fyrir Körfuknattleikspinginu, dagskrá þingsins og ársskýrslu á sambandsaðila.
- Í síðasta lagi föstudaginn 7. mars þurfa sambandsaðilar að skila inn útfylltum kjörbréfum til skrifstofu KKÍ svo félög geti verið með atkvæði á þinginu.



**KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS**  
KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ  
Laugardalur Sport Center  
Engjavegur 6, 2nd floor  
104 Reykjavík, Iceland  
+354 514-4100  
kki@kki.is

- Í síðasta lagi föstudaginn 7. mars þurfa félög að gera upp skuldir sínar við KKÍ svo félagið sé skuldlaust viku fyrir þing og geti verið með atkvæði á þinginu.

Fyrir hönd KKÍ,

  


Hannes S. Jónsson  
Framkvæmdastjóri KKÍ